

//Á döfinni//

...: Íþróttakennsla ...:

Íþróttakennslan hefur nú færst úr sundlauginni inn í íþróttasal. Þá er mikilvægt að nemendur muni eftir íþróttafötunum sínum og handklæði.



...: Íþróttahátíð ...:

Íþróttahátíð 8.- 10. bekkinga í Hvols-, Hellu- og Laugalandsskóla verður haldin á Hvolsvelli fimmtudaginn 22. nóvember kl. 19:00 - 22:00.



...: SUND ...:

Sundlaugin á Laugalandi er opin á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 18.00-21.00



...: Framundan ...:

16. nóv. - Dagur íslenskrar tungu
30. nóv. - Jólábíngó
2. des. - Aðventuhátíð
10.-14. des. - Jólapróf
17. des. - Föndurdagur
18. des. - Jólari
19. des. - Generalprufa og jólahlaðborð
20. des. - Litlu-jólin
2. janúar 2019 - Starfsdagur kennara

// Fréttir frá Laugalandsskóla //



Lestur er fyrir hugann eins og hreyfing fyrir líkamann.

...: Ólympíuhlaup ÍSÍ ...:

Nemendur skólans tóku þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ sem áður hét Norrænaskólahlaupið nú í október. Hlaupinn var nýr hringur í kringum skólann og hlupu nemendur skólans samtals 227,5 km. Þeir hlupu 2,5 til 10 km hver.



::: Nemendur í 7.-10. bekk tóku slátur ...:

Nemendur í 7.-10. bekk tóku slátur nú á haustdögum. Nemendur í 7. bekk sáu um að skera niður mörinn og nemendur í heimilisfræðivali settu í sláturkeppina. Ekki var annað að sjá en að nemendur hafi skemmt sér konunglega. Í framhaldinu var síðan boðið upp á lifrarpylsu, blóðmör, kartöflur, rófur, uppstúf og sykur í hádegismatinn.



...: Dansvika:...

Í október var dansvika í Laugalandsskóla. Auður Haralds hefur komið til okkar í mörg ár og kennt nemendum dans, þeim til gagns og ánægju. Fleiri myndir má finna á heimasíðu skólans.



...: Heimsókn frá Boston ...:

Við fengum ánægjulega heimsókn frá skólastjórnendum og fræðslustjórum Boston Massachusetts. Gestirnir komu hingað á vegum Menntamálastofnunar Íslands og systurstofnunar hennar í Boston til að kynna sér dæmigerðan skóladag í lífi nemenda á Íslandi, náms- og kennslufyrirkomulag og síðast en ekki síst þá aðstöðu sem íslenskir nemendur búa við. Laugalandsskóli varð fyrir valinu vegna þess að þar þykir vera vel búið að nemendum. Þar eru einnig vel menntaðir kennarar með dýrmæta reynslu samkvæmt upplýsingum sem gestirnir höfðu fengið frá Menntamálastofnun. Gestunum var skipt í fjóra hópa og fóru Baldur Steindórsson, Gísella Hannesdóttir, Hákon Snær Hjaltested og Kristinn Ásgeir Þorbergsson, nemendur í 10. bekk, fyrir hópunum, sögðu frá og útskýrðu fyrirkomulag skólastarfsins á Laugalandi. Þau gerðu það með stakri þrýði. Gestirnir höfðu orð á því að þetta hafi verið hápunktur ferðarinnar hjá þeim.



...: Samvinnudagar Hellu- og Laugalandsskóla ...:

Fimmtudaginn 11. október voru Samvinnudagar Hellu- og Laugalandsskóla. Að þessu sinni fóru nemendur 5. og 6. bekkja í heimsókn í Helluskóla. Dóra og Magda, kennarar þar, skipulögðu dagskrána og tóku á móti okkar fólki við komuna í skólann um kl. 09:30. Dagurinn byrjaði á svokölluðu SNS, sem stendur fyrir samvinnu, nýsköpun og spil, og er m.a. ætlað að efla félagsfærni nemenda, sjálfstæða hugsun og ábyrgðartilfinningu gagnvart eigin námi. SNS-ið skiptist á þrjár stöðvar og eru mismunandi viðfangsefni á hverri stöð. Nemendum Laugalandsskóla var skipt í þrjá hópa og var hver hópur 25 mínútur á hverri stöð. Síðan var boðið í mat í mótuneyti skólans og að máltíð lokinni fór hvor bekkur fyrir sig í tíma með sínum árgangi. Haldið var heim á leið um klukkan 13:00 síðdegis. Móttaka var höfðingleg og var þetta áhugaverður og skemmtilegur dagur.

...: Þórsmörk hjá 7.-8. bekk ...:

Þriðjudaginn 11. september sl. fóru nemendur í 7. – 8. bekk í eftirminnilega ferð í Þórsmörk. Með í för voru kennararnir Sóley og Bæring en hópurinn dvaldi næturlagt í náttúruparadísinni Básum á Goðalandi. Allir fundu sér eitthvað til dundurs meðan á dvölinni stóð. Farið var í göngferðir um skógivaxið svæðið auk þess sem gengið var á fjöll þar sem stórbrotið útsýnið blasti við. Einhverjir fundu sjaldséð ber og aðrir tíndu villisveppi sem hægt var að steikja með hádegisverðinum. Það var spilað, spjallað og skemmt sér eins og vera ber í ferð sem þessari. Allt tekur enda um síðir og með þrálátar harðsperrur en bros á vör var haldið heim á leið eftir vel heppnaða og skemmtilega Þórsmerkurferð í ennþá betri félagsskap.

